



Fréttir úr skóla– og frístundastarfi



Í skóla- og frístundaráði sitja Skúli Helgason, Líf Magneudóttir, Sabine Leskopf, Kjartan Magnússon, Eva Einarsdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Jóna Björg Sætran.

FORMÁLSORÐ

Ávarp Skúla Helgasonar, formanns skóla- og frístundaráðs, sjá [meira](#)

ÚT Í MÓ, INN Í SKÓG

Lestur, læsi og lýðræði eru viðfangsefni í leikskólanum Furuskógi, sjá [meira](#)

STELPUR FILMA

Hátt í sjötíu stelpur á námskeiði um kynjafræði og kvikmyndagerð, sjá [meira](#)

LEIKSKÓLAKENNARAR FÁ STYRK TIL ÚTINÁMS

Námsferðir til að afla nýrrar þekkingar, sjá [meira](#)

BIOPHILIA Í LEIKSKÓLANUM

Börnin í leikskólanum Kvistaborg hafa orðið margs vísari um takt, tónstiga og gang himintungla í Biophiliu- verkefninu, sjá [meira](#)

BIÓ PARADÍS OPNAR NÝJA HEIMA

Skemmtilegar kvikmyndir efla kvikmyndalæsi, sjá [meira](#)

GAMAN Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM

Aðsókn hefur stórauðist með skipulagðri fræðslu fyrir börn og unglinga, sjá [meira](#)

NÝTT NÁMSMAT Í GRUNNSKÓLUM

Næsta vor útskrifast 10. bekkingar með A, B eða C í einkunn, sjá [meira](#)

LEIÐBEINANDI NÁMSMAT Í MOODLE

Margvíslegar aðferðir við nýtt námsmat, m.a. kennslukerfið Moodle, sjá [meira](#)

NÝ GÆÐAVIDMIÐ FYRIR FRÍSTUNDASTARFIÐ

Stuðla að þróunarstarfi og nýbreytni, sjá [meira](#)

NÁM Á NÝJUM NÓTUM

Hæfni til framtíðar er markmiðið með því að efla nám í list-, verk- og tæknigreinum í Hólabrekkuskóla, sjá [meira](#).



ÁVARP FORMANNS



Eflum málþroska og læsi

Meirihluti skóla- og frístundaráðs leggur áherslu á fimm umbótaþætti sem eru í forgangi þessi misserin. Fyrst má þar telja áherslu á að efla málþroska og læsi meðal barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Í burðarliðnum er stofnun miðstöðvar um mál og læsi þar sem starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila getur sótt ráðgjöf og stuðning við markvissa lestrarkennslu og þjálfun barna og ungmenna. Áhersla verður lögð á handleiðslu við fagfólk á vettvangi og að miðla upplýsingum um leiðir til að bæta frammistöðu barna sem þurfa sérstaka aðstoð við að ná tókum á lestrinum.

Nemendamiðað skólastarf – aukið lýðræði

Vaxandi vakning er nú víða um heim um valdeflingu barna og ungmenna í skólasamfélaginu og við viljum styðja starfsstöðvar SFS í að ýta undir nemendamiðað skóla- og frístundastarf með fjölbreyttum hætti. Boðið verður upp á þróunarstyrki í því sambandi, stórfundi með börnum og ungmennum um viðhorf þeirra til náms og kennslu, námskeið um borgaravitund og margt fleira. Þá hefur starfshópur verið skipaður sem mun m.a. skoða hugmyndir um umboðsmann unglinga og Ungmennahring með hliðsjón af norrænum fyrirmyndum.

Verk-, tækni- og listnám fær meira vægi

Eitt af einkennum íslenska skólakerfisins er mikil áhersla á bóknám en við viljum til mótvægis auka hlut verk-, tækni- og listnáms. Á þessu skólaári höfum við tekið upp þá nýjung að bjóða völdum skólum í öllum hverfum svokallaðar *Haustbúðir* fyrir börn og kennara með áherslu á samstarf skólasamfélags við listamenn, fyrirtæki í tæknigeiranum o.fl. Í haust hefur m.a. verið boðið upp á myndlist, dans, kvikmyndagerð, forritun og starfsnám. Stefnt er að því að auka enn námstækifæri í þessum greinum.

Móðurmálskennsla – stuðningur við fjölmenningu

Fjórði umbótaþáttur skóla- og frístundaráðs tengist fjölmenningu og þjónustu við börn af erlendum uppruna. Þar leggjum við áherslu á að innleiða tillögur um móðurmálskennslu og virkt tvítyngi, þ.e.a.s. að byggja upp á sama tíma kunnáttu og færni barna í íslensku og móðurmáli þeirra. Ráðnir verða tvítyngdir kennarar sem tala algengustu tungumálin sem fjöltyngd grunnskólabörn eiga að móðurmáli. Skólar geta sótt um að nýta þjónustu þeirra.

Skólaþróun og fagmennska

Sameiginlegt metnaðarmál okkar og fagfólks í skólasamfélaginu er að hlúa að nýbreytni- og þróunarstarfi. Við höfum lagt okkur fram um að tryggja fjármagn til skólaþróunar á næsta ári með áherslu á fyrrnefnda umbótaþætti. Í fyrsta áfanga verður áherslan á skólaþróun í grunnskólum en við munum jafnframt leggja drög að eflingu þróunarstarfs í leikskólum og frístund. Við munum áfram styrkja starfsfólk á leikskólum til að afla sér fagmenntunar með það fyrir augum að fjölga fagmenntuðum leikskólakennurum í borginni.

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.



ÚT Í MÓ, INN Í SKÓG

Í leikskólanum [Furuskógi](#) hefur skemmtilegt þróunarverkefni, *Út í mó, inn í skóg*, skilað markverðum árangri í alhliða læsi og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Furuskógur er sameinaður leikskóli og starfar í tveimur húsum í um tveggja kílómetra fjarlægð. Skólarnir tveir sem voru sameinaðir 2011 höfðu unnið með ólíkar áherslur, í öðrum var hefð fyrir útinámi en í hinum var góð reynsla af náttúrufræðinámi, sérstaklega um fugla. Ákveðið var að nota þessa reynslu til að efla læsi og lýðræðisleg vinnubrögð í útinámi.

Út í mó, inn í skóg var felld inn í daglegt starf leikskólans og fræðsla um það fór fram á skipulögðum starfsdögum. Þannig stuðlaði verkefnið að því að samræma hugmyndafræði og starfsaðferðir á báðum starfsstöðvum og við gerð nýrrar skólanámskrár.

Lestur, læsi og lýðræði

Markmið sem sett voru í upphafi náðust að stórum hluta. Þekking starfsmanna og áhugi þeirra á að efla læsi barnanna jókst og smám saman byggðist upp markvisst lestrarnám í leikskólanum.

Lagður er grunnur að lestrarnámi hjá yngstu börnunum með einföldum verkefnum, s.s. með því að kenna þeim að þekkja stafinn sinn, og leyfa elstu börnunum að æfa sig í lestri og skrift. Þá er unnið með umhverfislæsi, tilfinningalæsi og félagslegt læsi og stuðst við sömu aðferðir og í útináminu. Lýðræði í starfi með börnum hefur jafnframt aukist og samvinna starfsfólks milli deilda og í öllum starfsmannahópnum hefur orðið markvissari.

Það er mat stjórnenda og starfsmanna að afar mikilvægt sé fyrir leikskóla að vinna þróunarverkefni af þessu tagi, það sé bæði fræðandi og skemmtilegt og stuðli að framförum í fagstarfinu. Sjá [skýrslu um verkefnið](#).

STELPUR FILMA

Hátt í sjötíu 13-14 ára stúlkur voru á stórskemmtilegu námskeiði í haust í kvikmyndagerð, en þar fengu þær leiðsögn fremstu kvikmyndaleikstjóra, klippara og handritshöfunda landsins. Efnt var til námskeiðsins *Stelpur filma!* í samstarfi við alþjóðlegu [kvikmyndahátíðina RIFF](#)— og var afrakstur námskeiðsins sýndur á hátíðinni.

Óhætt er að segja að námskeiðið hafi orðið mörgum hvatning, stelpurnar lærðu ekki einungis kvikmyndagerð af þeim bestu heldur fengu þær líka fræðslu í kynjafræði og lærðu að standa með sjálfri sér í sköpun og tjáningu. Á námskeiðinu ríkti mistakafrelsi og enginn var dæmdur út frá frammistöðu, kynvitund, bakgrunni, uppruna, fjárhagslegri stöðu eða öðrum breytum. Meðal þeirra sem miðluðu þekkingu sinni á þessu skemmtilega námskeiði var Elísabet Rónaldsdóttir klippari og Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri.

Með verkefninu *Stelpur filma!* er leitast við að leiðrétta þann kynjahalla sem er í íslenskri kvikmyndagerð og bjóða upp á rými og næði fyrir stelpur til að þroska hæfileika sína í kvikmyndagerð og spegla sig í sterkum fyrirmyndum. Sjá [myndband frá námskeiðinu](#)



BIOPHILIA Í LEIKSKÓLA



LEIKSKÓLAKENNARAR FÁ STYRK TIL ÚTINÁMS

Í vor fékk [Náttúruskóli Reykjavíkur](#) Erasmus-styrk til verkefnisins [PRISMA – Outdoor Education in European Preschools brought into the Icelandic Light](#). Verkefnið hverfist um náms- og þjálfunarferðir íslenskra leikskólakennara svo þeir geti kynnt sér nýja strauma og stefnur í útinámi. Verkefnið er þríþætt og miðar að því:

- Að efla þekkingu og hæfni leikskólakennara í útinámi.
- Að styðja við stefnumörkun og uppbyggingu útináms í leikskólum í Reykjavík sem og á Íslandi almennt.
- Að styrkja tengsl milli samstarfsaðila á líkum vettvangi víðsvegar í Evrópu með möguleika á frekari samstarfi og þróunarverkefnum um útinám.

Samstarfslönd Náttúruskólans eru fimm; Svíþjóð, Noregur, Skotland, Belgía og Slóvenía en í hverju landi eru ólíkar áherslur í útinámi leikskólabarna.

30 leikskólakennarar úr 13 leikskólum borgarinnar taka þátt í verkefninu. Allir hafa þeir reynslu af útinámi og hafa verið virkir í jafningjateymum Náttúruskólans undanfarin ár. Hver kennari mun fara í eina námsferð og kynna sér starf í leikskóla sem hefur sérhæft sig í útinámi. Hann flytur svo með sér heim nýja þekkingu sem hann miðlar í formi greinargerðar og nýrra útinámsverkefna.

Vissir þú að...

...úthlutun til sérkennslu í leikskólum Reykjavíkur hefur farið úr því að vera 4,1% af heildarfjölda barna á árinu 2006 í tæp 10% á árinu 2014.

Leikskólinn Kvistaborg tekur þátt í tónvísinda-verkefninu Biophilium og leggur áherslu á að börnin læri með einfaldleika, sköpun, hlustun og leik að leiðarljósi.

Börnin byrjuðu nú í haust að vinna með snjalltölvur og forrit í Biophilium samhliða því að fá fræðslu um flóð og fjöru og hvernig tunglið og sólin toga í jörðina.

Einu sinni í viku kemur tónlistarkennari í leikskólann sem kynnir ólík hljóðfæri og kennir börnunum um takt og tónstiga.

Skólinn fékk fjórtán spjaldtölvur að láni með Biophilium-öppum og ýmsum öðrum tónlistarforritum. Börnin hafa óhikað ráðist í að kanna heim spjaldtölvunnar og hvert og eitt hefur samið sitt eigið tónverk.

Mikil ánægja er með þetta verkefni í skólanum sem kveikt hefur lifandi áhuga barnanna á vísindum og tónsmíðum.



BÍÓ PARADÍS OPNAR NÝJA HEIMA

Í vetur er boðið upp á kvikmyndafræðslu fyrir leikskólabörn og grunnskólanema í Bíó Paradís. Með því er verið að efla kvikmyndalæsi og veita börnum tækifæri til að sjá gæðamyndir frá ýmsum löndum og lykilmyndir í kvikmyndasögunni. Oddný Sen, verkefnastjóri kvikmyndafræðslunnar, segir að í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna verði kvenréttindi og reynsluheimur stúlkna í brennidepli í myndum í vetur. Til dæmis verði sýnd heimildarmynd um baráttu **Malölu Afazi** fyrir rétti stúlkna til menntunar, og í myndinni *Ballettskórnir* verði skoðað hvernig þrjár stúlkur uppgötva hæfileika sína.

„Það er alltaf gaman að skoða kvikmyndir með börnum og unglingum,” segir Oddný Sen. „Hver sýning hefst á innlögn þar sem ég bið börnin um að taka eftir ákveðnum atriðum eða skoða myndramma og efnisþráð út frá ákveðnu sjónarhorni. Það skapast því oft

skemmtilegar umræður um söguuppbyggingu, persónur og tímabil frásagnarinnar. Með sýningum á heimildarmyndum opnast svo algerlega nýir heimar,” segir Oddný. „Við höfum verið að sýna mynd um hirðingafjölskyldu í Góbí-eyðimörkinni, fólk sem notar lækningarmátt tónlistarinnar. Hún er ein af vinsælustu myndunum í vetur.“ Nemendum stendur einnig til boða fræðsla um sögu Sovétríkjanna í myndinni *Rauða hernum*, en þar segir Slava Fetisov, gullverðlaunahafi í íshokki, sögu sína. Yngstu börnunum er boðið upp á ævintýri og fræðslu, s.s. um staðalímyndir í Disney-myndum.

Á þessu ári er 120 ára sögu kvikmyndanna minnst og því er boðið upp á nokkrar lykilm myndir allt frá árinu 1895 til okkar tíma. „Ég klippi t.d. saman nokkrar útgáfur af Lísu í Undralandi og er með elstu útgáfuna frá 1903,” segir Oddný Sen að lokum.

VINSAMLEGT SAMFÉLAG FÆR VIÐURKENNINGU

Verkefni skóla- og frístundasviðs, *Vinsamlegt samfélag*, sem byggir á markvissum aðgerðum gegn einelti, fékk hvatningarverðlaun Menntamálastofnunar á Degi gegn einelti 8. nóvember. Verkefnið þykir hafa sannað sig sem góður samstarfsvettvangur þar sem öllum hagsmunaaðilum er stefnt saman með það að markmiði að berjast gegn einelti.

Nanna K. Christiansen, verkefnastjóri og formaður starfshópsins um [Vinsamlegt samfélag](#), sagði þegar hún tók við verðlaununum að einelti væri félagslegt vandamál fremur en vandamál einstaklinga og að góður skólabragur væri besta forvörnin gegn því. Þá sagði hún verðlaunin hvatningu til að vinna áfram að þessu verkefni sem byggir á menntastefnu Evrópuráðsins.



METAÐSÓKN Í FRÆÐSLU FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐSINS

Ellefu þúsund leikskóla- og grunnskólabörn fóru í skipulagða fræðsluferð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn (FHG) á síðasta skólaári og í vetur stefnir í annað heimsóknarmet. Ástæðan er samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs við garðinn þar sem kveðið er á um að fræðsla FHG sé liður í skólagöngu og frístundastarfi reykvískra barna.

Fræðsludagskráin er afar fjölbreytt og höfðar vel til elstu leikskólabarnanna og nemenda á öllum aldri í grunnskólanum. Börnin fá leiðsögn og fræðslu um dýrin í garðinum og einnig er boðið upp á sjóferðir í samstarfi við Faxaflóahafnir til að fræðast um sjávardýrin. Þá hefur verið farið með vísindasirkus í heim-sókn í skóla.

Unnur Sigurþórsdóttir landfræðingur og Lilja Björk Vilhelmsdóttir þjóðfræðingur eru fræðslufreyjur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þær segja leikskólakennara sýna því mikinn áhuga á að koma með börn á námskeiðið *Húsdýrin okkar*. Því námskeiði ljúki með heimsókn í hæsnahúsið þar sem börnin fá egg að launum fyrir að fóðra púturnar. Nýtt námskeið, *Hugrakkir krakkar*, sé líka í boði þar sem yngstu börnin komast í návígi við froska, skordýr og skriðdýr. Þá segja þær að grunnskóla-nemendur á miðstigi sækja helst námskeiðið *Vinumorgunn*, og taki þá þátt í morgunverkunum í garðinum, moki flórin, mjólki kýrnar og fóðri dýrin.

Á www.mu.is eru frekari upplýsingar um þessi líflegu námskeið.



NÝTT NÁMSMAT Í GRUNNSKÓLUM



Í vor fá allir nemendur sem útskrifast úr grunnskóla einkunnir í bókstöfunum; A, B, B+, C, C+ og D. Skólar sem útskrifa nemendur úr 10. bekk hafa því unnið að því að breyta fyrirkomulagi námsmats. Ástæðu þessa má rekja til breyttra áherslna á námsmat í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011. Í henni voru sett fram ný matsviðmið við lok grunnskóla fyrir einstakar námsgreinar og námssvið sem þykja lýsandi fyrir hversu vel nemandi telur sig hafa skilgreinda hæfni á valdi sínu.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur staðið fyrir nokkrum vinnufundum með kennurum í 10. bekk um breytt námsmat. Hver fundur hefur verið tileinkaður einu námssviði; íslensku, stærðfræði, erlendum tungumálum, samfélagsgreinum, náttúrugreinum, list- og verkgreinum, upplýsinga- og tæknimennt og skólaíþróttum. Á hverjum fundi fjallaði Erna Ingibjörg Pálsdóttir, námsmatsfræðingur og aðstoðarskólustjóri í Álfthanesskóla, um námsmat, nokkrir kennarar sögðu frá því hvernig þeir hafa aðlagð námsmat að nýjum kröfum og málín voru rædd í þau. Í ljós kom að allmargir skólar eru komnir vel á veg í að þróa sitt námsmat, en töluverð vinna er fram undan hjá öðrum.

Ákveðið var að útbúa hugmyndabanka á netinu þar sem safnað yerður saman dæmum um matsverkefni og ýmsum öðrum gögnum sem tengjast námsmatinu og sem allir kennarar í borginni geta nýtt sér.

VIÐMIÐ UM GÆÐI Í FRÍSTUNÐASTARFI

Nýlega voru gefin út [Viðmið og vísendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs.](#)

Þau eru afrakstur af vinnu starfshóps skipuðum stjórnendum og starfsfólki frístundamiðstöðva og fulltrúum á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og Menntavísindasviðs HÍ.

Í vetur fá starfsstaðir frístundamiðstöðva stuðning við að nýta þessi viðmið í sínu fagstarfi og jafnframt er stefnt að því að meta fjóra starfsstaði í ytra mati, þannig að vorið 2016 hafi einn starfsstaður verið metinn á hverri frístundamiðstöð.

Matinu er fyrst og fremst ætlað að vera umbóta-miðað þannig að það auki gæði frístundastarfs og styrki innviði frístundahemila og félagsmiðstöðva með því að draga fram styrkleika og tækifæri til umbóta.

Í ytra mati felst líka ákveðið eftirlit sem miðar að því að jafna gæði þjónustunnar við börn og unglunga þvert á borgina.

Viðmiðin eiga ekki að vera svo stýrandi að það geri fagstarfið einsleitt og ósveigjanlegt. Þvert á móti er lögð mikil áhersla á að starfsstaðir sýni fram á þróunarstarf og nýbreytni.

LEIÐSAGNARMAT Í MOODLE

Ný aðalnámskrá grunnskóla leggur mikla ábyrgð á herðar kennara en veitir þeim jafnframt fleiri tækifæri til að móta skólastarfið. Hæfniviðmið námskrárinnar kalla ekki bara á nýja kennsluhætti heldur nýtt námsmat. Hvorki nemendur né skólar verða mældir á samræmdan skala innbyrtrar þekkingar eins og verið hefur heldur skal sérhver nemandi metinn út frá þeirri þekkingu sem hann hefur aflað sér og þeirri leikni sem hann hefur tileinkað sér, sumsé hæfni.

Í nýju námskránni segir „Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár ...“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 27).

Kennarar halda utan um námsmat hver með sínum hætti og birta það nemendum á ólíka vegu. Ein leiðin að leiðsagnarmati sem virðist bæði einföld, þægileg og fljótleg er að nýta matskerfið sem byggt er inn í Moodle-námsumsjónarkerfið,

HVERFISGARÐUR Í GUFUNESI

Mikil uppbygging hefur verið á útivistarsvæðinu við Gufunesbæ. Þar er kominn vísir að hverfisgarði en markmiðið er að skapa áhugaverðan

afþreyingarkost fyrir alla aldurshópa Á svæðinu eru m.a. strandblaksvellir, grillskýli og rathlaupsbraut. [Frístundamiðstöðin Gufunesbær](#) hefur nýtt þessa aðstöðu til að taka á móti hópum úr skóla- og frístundastarfinu, m.a. í útieldun, veggjaklifur og ratleiki. Við uppbyggingu hefur verið hugað sérstaklega að aðstöðu til útináms í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur.



þar með talin svokölluð viðmið (*learning outcomes*).

Þegar þau hæfniviðmið sem stefnt er að hafa verið flutt inn í námsáfangabýr kennari til verkefni út frá þeim. Hann tengir síðan hæfniviðmiðin, eitt eða fleiri, við verkefnið og metur að hvaða marki nemandi hafi þá hæfni á valdi sínu. Hér mætti láta staðar numið, nemandinn er einfaldlega upplýstur um það hvaða hæfni hann hefur sýnt að hann hafi á valdi sínu. Engin einkunn er gefin fyrir sjálft verkefnið, hæfnin ein er metin.

Verkefnið sjálft má einnig meta á „hefðbundinn“ hátt og þá samkvæmt matsviðmiðum sem unnin eru út frá námskrá.

Höf. Ágúst Tómasson, umsjónarkennari í Vogaskóla.



NÁM Á NÝJUM NÓTUM

Í Hólabrekkuskóla hefur verið unnið að því að því að auka vægi list-, verk- og tæknigreina og skapa nemendum meira val innan hefðbundinna námsgreina. Fimm kennslustunda þemavinna er í skólanum á hverjum miðvikudegi.

Sex meginþemu verða tekin fyrir í vetur og var það fyrsta í náttúrufræði og tengt Elliðaárdalnum. Á sýningu í skólanum í október mátti sjá afraksturinn og þá kom í ljós að margvísleg hæfni hafði verið nýtt. Sumir nemendur höfðu smíðað flókna gripi, einn hafði t.d. búið til litla virkjun til að sýna hvernig vatn getur snúið hjóli, og annar kynnti dýraríkið í dalnum með því að búa til kanínu í 3D prentara.

Að sögn Önnu Maríu Þorkelsdóttur, kennara og verkefnastjóra, kom á óvart hve mikil þekking varð til með þessum þemaverkefnum. Í ljós kom að þeir nemendur sem voru mest skapandi í hugsun drifu hópana áfram og margvíslegir styrkleikar fengu að njóta sín. Nemendur lærðu meira af þemavinnu en í hefðbundnu bóknámi. Næsta þemaverkefni var í erlendum tungumálum og var ákveðið að nýta fjölmeninguna í Hólabrekkuskóla til að styrkleiki tvítyngdra nemenda fengi að njóta sín. Forritið *teamup.aalto.fi* var notað til að velja nemendur í hópa og verða ýmsar hópa-samsetningar prófaðar í framhaldinu.

Anna María segir að þar sem til standi að útskrifa nemendur með einkunn í list- og verkgreinum og upplýsingatækni, verði árangur þeirra í þessari þemavinnu notaður til að meta þá.

Í stærðfræðiþema verði t.d. lögð áhersla á töflureikna en margir nemendur nýti sér upplýsingatækni í verkefnum sem meta megi út frá við lok grunnskólans. Að sögn Önnu Maríu var frá upphafi lögð áhersla á samstarf skólastiga. Viðræður séu nú í gangi við starfsfólk Fjölbautaskólans í Breiðholti og nýlega komst á samstarf við tæknifræðideild HÍ á Ásbrú til að kynna fyrir nemendum möguleika í tækninámi.

Nemendur í Breiðholti hafa greiðan aðgang að Fablab, forritunarkennsla er í Hólabrekkuskóla og nemendur geta nýtt sér þrívíddarprentara skólans. „Það er góður rammi til að efla tækniþekkingu og við höfum miklar áætlanir um að efla hana enn frekar,” segir Anna María. Næsta skrefið verði að auka fjölbreytni í list- og verkgreinum, það sé eins með það og tækninámið að oft vanti sérfræðiþekkinguna. „Við viljum útskrifa nemendur með þá vitneskju og hæfni sem nýtist þeim til framtíðar og ætlum okkur að leyfa nemendum að blómstra þar sem þeir eru sterkastir.”

